

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

09. tbl. • September 2003

Matartíminn 2003 - markviss kaupstefna Íslensks matvælaíðnaðar í Perlunni

- Sjá umfjöllun og myndir frá kaupstefnunni á baksíðu



Dagur iðnaðarins með Félagi blikksmiðjueigenda

Nánari umfjöllun og myndir birtast
í næsta tölublaði

Dagur byggingar- iðnaðarins í Hafnarfirði

verður haldinn með Meistarafélagi
iðnaðarmanna í Hafnarfirði 11. okt. nk.

Drifkraftur frumkvöðla og nýsköpunar

Framfarir og hagsæld eru drifnar áfram af fólki sem á það sameiginlegt að sýna frumkvæði, vera djarft, sjálfstætt, hugmyndaauðugt, og fylgið sér. Nauðsynlegt er að skapa frjóan jarðveg fyrir fólk af þessu tagi og hugmyndir þess. Það verður að gera með því að skapa drifkraft í samfélaginu sem felur í sér hvatningu, viðurkenningu og stuðning við frumkvæði, frumkvöðla og nýsköpun.

Margs konar frumkvöðlar þarf

Eiginleikar frumkvöðlanna koma að góðu gagni alls staðar, ekki bara við stofnun og rekstur fyrirtækja sem verða að stórfyrirtækjum í fyllingu tímans. Við þurfum fleiri en þá sem standa í stafni skútunnar, fólk sem sýnir frumkvæði í daglegum störfum. Þegar upp koma vandamál í fyrirtækinu eða nýjar áherslur í starfseminni benda þeir á hugsanlegar lausnir eða leiðir til úrbóta. Frumkvæðis og frumkvöðulshugunar er þörf við öll störf. Ekkert starf er svo smátt eða ómerkilegt að ekki megi laga og betur um bæta. Öll tannhjólin í gangverki atvinnulífsins skipta máli. Skútan siglir nefnilega ekkert ef engin er áhöfnin nema skipstjórnin.

Jákvætt hugarfar til atvinnurekstrar

Margur kann að segja að ekki sé hægt



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
09. tbl. September 2003
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 22.09.2003
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

að búa til frumkvöðla. Þar ráði eðlislegir eiginleikar einstaklingsins mestu. Það kann að vera rétt að hluta en á hinn bóginn er örugglega bæði hægt að eyðileggja og ýta undir frumkvæði, allt eftir því hvernig að hlutunum er staðið. Hér hafa skólarnir stóru hlutverki að gegna. Þeim þarf að skapa svigrúm til að samþætta náminu atriði sem lúta að frumkvæði og nýsköpun og örva skilning nemenda á gangverki atvinnulífsins og áhuga á að verða þar virkir gerendur. Jákvætt viðhorf til atvinnurekstrar sem uppsprettu verðmæta er hér höfuðnauðsyn. Þetta þarf að gera í samfellu allt frá leikskóla til háskóla. Gera þarf skólunum kleift að byggja upp fjölbreytt nám og sinna mismunandi þörfum. Ekki á að mæla fyrir um aðferðir í smáatriðum eða hvernig markmiðum skuli náð heldur gera ríkar kröfur til þess árangurs sem skólarnir skila. Þetta er mikilvægt bæði fyrir nemendur og kennara, sem fá þá notið sín sem best.



Þurfum að vera í hópi hástökkvaranna

Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum. Við erum ódfluga að breytast úr tæknivæddu veiðimannasamfélagi í tæknivætt framleiðslu- og þjónustusamfélag. Örfáir háskólamenntaðir menn störfuðu í iðnaði fyrir 15-20 árum. Þetta hefur gerbreyst og á eftir að breytast enn hraðar. Við höfum séð að þjóðir, sem hafa lagt höfuðáherslu á að efla rannsóknir og menntun, ekki síst á sviði verk- og tæknimenntunar, hafa tekið stór stökk fram á við í efnahagslegu tilliti. Við viljum vera í hópi hástökkvaranna á þessu sviði. Þá skipta höfuðmáli nýsköpun, frumkvæði og hugvit. Verk- og tækninám hefur löngum verið afskipt í íslensku skólakerfi og þar hefur sannast að fjárhagslegir hvatar virka í skólakerfinu eins og annars staðar. Ef skólunum er refsað fjárhagslega fyrir að bjóða nám í verk- og tæknigreinum minnkar framboð af þessu námi og nemendum fækkar.

Margt gott gert en betur má ef duga skal

Sem betur fer eigum við mikinn og góðan efnivið í frumkvöðla og fólk sem hefur mikla athafnaþrá. Margt er einnig gert til þess að laða fram þennan sköpunarkraft.

Dæmi um það er Þjóðaráttak til nýsköpunar og margvísleg keppni, s.s ungra vísindamanna eða Upp úr skúffunum í HÍ þar sem skóólár með harðkornum, vetnishús og bakspelkur koma við sögu. Margt annað má vissulega nefna sem hefur verið gert til þess að styðja við nýsköpunarstarf og er þar nærtækast að nefna stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, IMPRU og nú síðast ný lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, Vísinda- og tækniráð, opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Stefnufestu og þrautseigju vantar

Hins vegar er ekki nóg að gert ef við viljum vera í fremstu röð að þessu leyti. Tryggja þarf fjármagn til slíkra hluta og marka ákveðnari stefnu um samfellda uppbyggingu á þessum sviðum. Þar er því miður pottur brotinn. Það hefur viljað brenna við að skipt sé um hest í miðri á í stað þess að halda settum kúrs.

Í ávarpi við afhendingu Nýsköpunarverðlauna 2003 sagði frumkvöðull Latabæjar, Magnús Scheving, eitthvað á þá leið að frumkvöðull mætti aldrei missa sjónar á settu marki, síðan þyrfti vinnu, þrautseigju og þolinmæði til þess að ná þangað og það gæti tekið langan tíma. Nákvæmlega það sama á við um uppbyggingu þeirra stóðkerfa sem þarf til þess að efla og hlúa að frumkvæði og nýsköpunarstarfi í samfélaginu.

Það kom verulega á óvart að lífeyris-sjóðirnir ákváðu skyndilega að hverfa frá því uppbyggingar- og umbreytingarstarfi sem að var stefnt með Framtaki fjárfestingarbanka. Einnig er hörmulegt til þess að vita að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skuli ekki hafa meira fjármagn til ráðstöfunar en raun ber vitni. Starf hans hefur skilað miklum og góðum árangri og augljóst að knýjandi þörf er fyrir starfsemi hans. Það er greinilegt að upphaflegt ráðstöfunarfé hans var ekki nóg miðað við þörfina og sömuleiðis hefur komið í ljós að það tekur mun lengri tíma fyrir sjóðinn að fá til baka þær fjárfestingar sem skila arði en talið var í upphafi. Við þessu á að sjálf-sögðu að bregðast með því að efla sjóðinn en ekki með því að láta starfsemina dragast saman jafnvel með því að beina takmörkuðum fjármunum annað til svipaðrar starfsemi. Hér þarf ekki síður stefnufestu og þrautseigju en í Latabæ.

Jón Steindór Valdimarsson

Minning

Gunnar Maggi Árnason

Prentsmiðjustjóri

Gunnar Maggi Árnason, prentsmiðjustjóri Prenttækni í Kópavogi, lést hinn 23. ágúst sl.

Hann hóf nám í offsetprentun í Lithoprenti árið 1959 að loknu gagnfræðaprófi, lauk sveinsprófi árið 1964 og fékk meistarábréf árið 1969.

Gunnar Maggi starfaði síðan við iðngrein sína í Skotlandi og hér á landi í prentsmiðjunni Litbrá uns hann stofnaði Prenttækni sem hann rak til dauðadags.



Gunnar Maggi tók virkan þátt í félagsmálum offsetprentara og síðar í Félagi íslenskra prentiðnaðarins, Félagi íslenskra iðnrekenda og Samtökum

iðnaðarins þar sem hann tók m.a. þátt í störfum ráðgjafaráðs og var virkur og ötull þátttakandi í starfi starfsgreinahóps í prenti innan SI.

Fréttabréf Samtaka iðnaðarins, Íslenskur iðnaður, hefur verið prentað í Prenttækni frá upphafi sem og Á döfinni, sem var fréttabréf Félags íslenskra iðnrekenda, eða samfleytt í 12 ár. Samstarfið við Gunnar Magga var alla tíð með eindæmum gott enda lagði hann metnað sinn í að veita Samtökunum sem besta þjónustu.

Matvæladagur MNÍ 2003

Neysluþróun – Áhrifavaldar neytandans

Matvæladagur Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands (MNÍ) verður haldinn föstudaginn 17. október. Dagurinn verður að þessu sinni helgaður neysluþróun.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar verður Dr. Tim Lobstein, ráðgjafi á sviði stefnumótunar mannelismála. Hann fjallar um ýmsa þætti sem hafa áhrif á framboð matvæla og val neytenda og hafa margir hverjir meiri áhrif en háleit markmið stjórnvalda og ráðleggingar um heilbriggt mataræði. Laufey Steingrimsdóttir gefur yfirlit um stöðu mála hér á landi og fulltrúar framleiðenda, verslunar og neytenda lýsa viðhorfum sínum til vals neytenda á matvælum. Í lokin verða pallborðsumræður.



Á Matvæladaginn verða að venju veitt verðlaun, Fjöregg MNÍ fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Samtök iðnaðarins gefa Fjöreggið.

Framleiðendur eru ein-dregið hvattir til að tilnefna til verðlaunanna það sem þeim þykir hafa skarað fram úr. Sérstaklega er óskað eftir tilnefningum sem tengjast á einhvern hátt góðri neysluþróun á liðnum árum eða jafnvel áratugum en einnig almennum tilnefningum um nýjungar á matvælasviði.

Tilnefningum, ásamt rökstuðningi og sýnishornum, ef við á, skal koma á framfæri við undirbúningsnefnd eigi síðar en um hádegi 7. október. Undirbúningsnefnd skipa: Jónína Þ. Stefánsdóttir, s. 591 2000, jonina@ust.is, Sigríður Klara Árnadóttir, s. 550 6483, sigklara@simi.is og Sesselja M. Sveinsdóttir, s. 591 2000, sesselja@ust.is.



Samtök iðnaðarins

Nýir félagsmenn SI

Hugsmiðjan ehf.
Skúlagötu 32-34
101 Reykjavík
Starfsemi:
Hugbúnaður – þróun

Kubbur ehf.
Grænagarði
400 Ísafirði
Starfsemi:
Vegagerð og önnur jarðvinna

Borgarnes kjötvörur ehf.
Brákarey
310 Borgarnesi
Starfsemi:
Kjötvinnsla og slátrun

Kiesel Software á Íslandi ehf.
Hraunbæ 146
110 Reykjavík
Starfsemi:
Hugbúnaðargerð

Auka þarf gæðavitund almennings um fatnað

Félag meistara og sveina í fataiðn hélt nýlega glæsilega sýningu á Kjarvalsstöðum í tilefni af 60 ára afmæli sínu 2. september. Berglind Magnúsdóttir, formaður félagsins, segir að enn eimi eftir af hinni gömlu ímynd saumakonunnar sem situr ein og saumar og tekur lítið fyrir vinnu sína.

„Félagið hefur mikinn hug á að breyta þessu og gæðakerfið, sem félagið er nú að koma sér upp, auðveldar okkur m.a. að koma því á framfæri að félagsmenn eru vel menntaðir fagmenn, rétt eins og aðrir iðnaðarmenn og við höfum hug á að auka gæðavitund meðal almennings varðandi hönnun, saumaskap og frágang fatnaðar,“ segir Berglind.

Fjölbreytt og næg verkefni

Hópur viðskiptavina er mjög breiður og flestar saumastofur hafa næg verkefni að sögn Berglindar. „Sumir viðskiptavinir láta sauma á sig af því að hefðbundnar stærðir í fataverslunum passa þeim ekki en aðrir



Berglind Magnúsdóttir

láta sauma á sig af sérstöku tilefni. Kjóla-meistarar og klæðskerar vinna einnig með stílistum við að hanna og sauma fatnað sem notaður er í auglýsingum af ýmsu tagi.“

Þverrandi aðsókn að fataiðnbraut

Á hverju ári geta að hámarki 14 nemar útskrifast af fataiðnbraut Iðnskólans í Reykjavík en þeir eru þó iðulega færri þar sem margir heltast úr lestinni áður en að sveinsprófi kemur að sögn Berglindar. Að jafnaði eru 28 nýnemar teknir inn á haustönn og helmingur þeirra fær að halda náminu áfram eftir áramót. Mjög hefur dregið úr aðsókn að brautinni á undanförunum árum eins og sést á því að fyrir 15 árum voru umsækjendur um 120 en hefur nú fækkað í 30. Þá má geta þess að liðin eru 10 ár síðan karlmaður lauk síðast námi af fataiðnbraut.

Berglind segir að Félag meistara og sveina í fataiðn stefni að því að kynna nýútskrifuðum nemum félagsskapinn og bjóða þeim að gerast félagar enda skipti nýliðunin miklu máli.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Útflutningsráð býður nú fjórtánda árið í röð til verkefnisins: ÚTFLUTNINGSAUKNING OG HAGVÖXTUR

Verkefnið, sem er upprunnið á Írlandi, hefur reynst afburða hér á landi við að innleiða markviss og árangursrík vinnubrögð við markaðssetningu. Það er ætlað fyrirtækjum í framleiðslu og þjónustu sem hafa áhuga á að hefja útflutning, auka útflutning eða almennt að treysta tök sín á markaðssetningu erlendis.

Verkefnið tekur 9 mánuði og er fólgið í mánaðarlegum tveggja daga vinnufundum, einum vinnudegi í mánuði með ráðunaut, markaðsrannsóknunum, kynnisferð á valinn markað og gerð markaðsáætlunar fyrir hvert þátttökufyrirtæki. Verkefnið hefst í október nk. og lýkur í júní árið 2004. Þátttakendur þurfa að verja a.m.k. þremur dögum í mánuði í aðgerðir tengdar verkefninu.

Útflutningsráð hefur nána samvinnu við Nýsköpunarsjóð, Bakkavör, Samtök iðnaðarins og Bygðastofnun sem styðja verk-

efnið fjárhagslega og faglega. Þegar umsókn hefur borist hefur verkefnisstjóri samband við viðkomandi fyrirtæki og ákveður tíma fyrir heimsókn í fyrirtækið til að fara nánar ofan í viðskiptahugmynd þess og kanna hvort/hvernig verkefnið getur orðið

að liði. Ferkari upplýsingar um ÚH er að finna á www.utflutningsrad.is. Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við undirritaðan sem fyrst.

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
Hermann Ottósson bermann@utflutningsrad.is



Stafræn offsetprentvél af fullkomnustu gerð

Stafræna prentstofan/Leturprent ehf. tók fyrir skömmu í notkun nýjustu gerð stafrænnar offsetprentvélar af gerðinni HP/Indigo 3000 frá Hewlett & Packard sem er afar fullkomin. Kristján Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri og eigandi fyrirtækisins, segir að stafræn prentun, sem ruddi sér til rúms rétt fyrir síðustu aldamót, hafi þróast geysimikið á fáum árum.

Stafræna prentstofan hefur fylgst vel með þeirri þróun enda tók fyrirtækið í notkun fyrstu Indigo stafrænu prentvélar sem komu til landsins árið 1999, Indigo Turbo Stream og Indigo E pro tveimur árum síðar. Að sögn Kristjáns er reynslan af hinni nýju vél með afbrigðum góð og hann telur að fyrirtækið hafi styrkt mjög stöðu sína á sviði stafrænnar prentunar hérlendis.

Hvorki notaðar plötur né filmur

Kristján bendir á að flókin og vandasöm stafræn tækni geri verkferlið mun einfaldara og fljótvirkara þótt það kunni að hljóma undarlega. Hvorki eru notaðar filmur né plötur heldur er prentvélin mötuð með stafrænum upplýsingum og skilar fullnum prentgrip svo til samtundis hvort sem er í smáu eða stóru upplagi.

Stafræn prentun mörgum kostum búin

Kristján segir kostina við stafræna prentun umfram hefðbundna offsetprentun einkum vera þá að auðvelt sé að framleiða lítið upplag í hámarksgæðum, bæði í einföldum og afar flóknum prentverkum, t.d. litljósmyndir eða listaverk þar sem miklar



Hálfván Gunnarsson við nýju prentvélinu

kröfur eru gerðar um liti og skerpu. Auk þess kemur prentgripurinn alveg þurr og tilbúinn úr vélinni svo að öll eftirvinna, s.s. skurður, brot og hefting, getur hafist samtundis. Annar kostur við stafrænu prentunina er mikilvægur en hann er sá að auðvelt er að prenta margar útfærslur af sama verkinu samtímis sem er ógerlegt í öðru prenti.

Kristján leggur áherslu á að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir muninum á stafrænni ljósritun annars vegar og stafrænni prentun hins vegar því að það sé tvennt ólíkt enda séu gæði prentunarinnar mun meiri en ljósritunar. Indigo vélarnar prenta í fjórlit (CMYK) á flestar gerðir pappírs en einnig á plastefni, glæsur, filmur, límmiða og margt annað, allt upp í A3.

„Hraðinn er mikill kostur við stafrænu prentunina,“ segir Kristján, „en án þess að hann komi niður á prentgæðunum og vinnslutími er mun styttri vegna einfaldari forvinnu, eins og að framan greinir. Þetta styttr all framleiðsluferlið verulega og jafnframt standa viðskiptavinum til boða sérstakar hraðbrautir í prentun sem njóta forgangs. Auk þess er prentun með HP-Indigoaðferð umhverfisvæn.“

Tæp 50 ár frá stofnun fyrirtækisins

Á næsta ári eru liðin 50 ár frá því að Einar Ingi Jónsson, faðir Kristjáns Inga stofnaði Leturprent í litlum bílskúr vestur í bæ. Einar rak fyrirtækið allt til ársins 1985 að Kristján Ingi tók við rekstri fyrirtækisins þegar heilsa Einars brast. Prentsmiðjan hefur gengið gegnum öll þróunarstig prentunar allt frá handsetningu leturs til stafrænnar prentunar.

Nafni prentsmiðjunnar var breytt til áréttingar á nýrri prenttækni í Stafrænu prentstofuna Leturprent ehf. árið 1999. Fyrirtækið er nú rekið í eigin húsnæði að Síðumúla 22 og starfsmenn eru sjö talsins.

Hin nýja prentvél HP Indigo 3000 er fyrsta afurð Hewlett Packard samsteypunnar og er talin fullkomnasta stafræna prentvélin sem nú er völ á en hún er hin fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum. „Vélin er tæknilega betur búin og skilar enn meiri prentgæðum því að uppbygging hennar og vinnsla fer algjörlega fram með lögmálum offsettækninnar. Þar með er Stafræna prentstofan fyrsta prentsmiðjan á Íslandi sem býður stafræna offsetprentun,“ segir Kristján.

Þess má að lokum geta að Stafræna prentstofan stendur á næstunni fyrir orstefnunni, BYLTING EÐA BULL, Stafræn offsetprentun 2003, þar sem fluttir verða fyrirlestrar um greinina og tæknin kynnt. Fyrirlesarar verða frá HP Indigo og Stafrænu prentstofunni.

Haraldur Dean Nelson



Kristján Ingi Einarsson og Burkni Aðalsteinsson

Fundur formanna samtaka atvinnulífsins og iðnaðarins á Norðurlöndum

Fundur formanna og framkvæmdastjóra samtaka atvinnulífsins og iðnaðarins á Norðurlöndum var haldinn í Reykjavík 29. ágúst síðastliðinn. Dagskrá fundarins var þéttskipuð og góðar umræður spunnust um efni fundarins. Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, flutti erindi um efnahags- og stjórnmálaástandið á Norðurlöndum. Hann byrjaði á að fjalla um framvinduna í heimsbúskapnum með tilliti til alþjóðavæðingarinnar og sagði m.a. að víðtækar rannsóknir OECD bentu til þess að skilvirkni markaða og opnun hagkerfa væru hagvaxtarhvetjandi. Þróun í þessa átt hefði aukið sjálfbæran hagvöxt í heiminum. Þó hefðu eftirspurn og iðnframleiðsla dregist saman undanfarin ár en það mætti að miklu leyti rekja til offjárfestinga og hruns á hlutabréfamörkuðum, sérstaklega í hátæknigeiranum sem leiddi til samdráttar í fjárfestingum. Þorsteinn sagði að hryðjuverkaárásirnar hefðu aukið óvissuna í heiminum sem hefði dýpkað samdráttinn. Stríðsrekstur Bandaríkjanna, sem vissulega skapaði erfiðleika í alþjóðlegu samstarfi, hefði þó orðið til þess að

„Hækkun á hlutabréfamörkuðum frá því í vor endurspeglar aukna bjartsýni og skv. spá OECD frá því í júní í ár er að vænta næstu alþjóðlegu uppsveiflu.“


óvissu um alþjóðlega framvindu var að miklu leyti eytt. Vextir hefðu víðast hvar verið lækkaðir mikið og opinber fjármál væru hagvaxtarhvetjandi í Bandaríkjunum og Japan. Hækkun á hlutabréfamörkuðum frá því í vor endurspegladi aukna bjartsýni og skv. spá OECD frá því í júní í ár væri að vænta næstu alþjóðlegu uppsveiflu. Þorsteinn sagði að eins og oft áður yrði hún drifin áfram af bandaríska hagkerfinu. Stöðnun á meginlandi Evrópu mætti jafnframt rekja til ósveigjanlegra reglna á vinnumarkaði og annarra kerfislægra vandamála sem Lissabonferlinu væri ætlað að leysa. Pólitískur ágreiningur undanfarin ár hefði hins vegar komið því ferli í uppnám. Í

Japan hefði hægfara gjaldþrot fjármálakerfisins undanfarinn áratug stuðlað að stöðnun efnahagslífsins þar og lækkun vöruverðs.


Í umfjöllun sinni um ástandið á Norðurlöndunum benti Þorsteinn á sérstöðu Íslands í velferðarmálum. Hann sagði að álögur á lögaðila og einstaklinga hefðu verið minnkaðar á síðasta áratug og heildarskattbyrðin væri orðin minni en annars staðar á Norðurlöndum. Á Íslandi væri minna fé varið til félagslega bótakerfisins og þátttaka á vinnumarkaðinum væri mikil og hann skilvirkur. Hann taldi að Danmörk, Svíþjóð og Finnland gætu dregið lærdóm af íslenska velferðarkerfinu og fyrirkomulagi á vinnumarkaði. Þá benti hann á að fyrirtæki á Íslandi og í Noregi byggju við mun meiri launahækkunarir og hærra gengi og það endurspegladist í lakari útflutningsárangri þeirra en hinna ríkjanna sem eru fullgildir aðilar að ESB og hafa evruna eða eru ná tengdari henni. Þá hefðu hlutabréf einnig hækkað á Norðurlöndunum frá í vor og á næsta ári væru horfur á uppsveiflu sem einnig tengdist aukinni eftirspurn í umheiminum.

Jens Ultveit-Moe, formaður Samtaka atvinnulífsins í Noregi, fjallaði um alþjóðlega samkeppnisstöðu Norðurlanda. Hann benti á að erlend fjárfesting hefði aukist

Opnun hagkerfis og meiri virkni markaðsbúskapar eykur hagvöxt*



Mikill munur á skattbyrði




mikið á Norðurlöndum nema í Noregi. Norðurlönd hefðu margt sér til ágætis svo sem auðildir, hátt menntastig, nýjustu tækni og þau væru aðilar að EES eða ESB. Hins vegar væru markaðir þeirra litlir, launakostnaður mikill, umfang hins opinbera of mikið og skattbyrðin með því mesta í heiminum. Jens fjallaði sérstaklega um erfiða samkeppnisstöðu iðnfyrirtækja í Noregi en til samanburðar hefði mikill vöxtur verið hjá fyrirtækjum á neytendamarkaði.

Fundarmenn hlýddu á hádegisverðar-erindi Geirs Haarde, fjármálaráðherra, á Nordica Hotel. Geir fjallaði um þann margvíslega árangur sem hefði náðst við að umblyta íslensku hagkerfi og auka hagvöxt á umliðnum árum. Þrátt fyrir öran vöxt, sem hefði leitt af sér nokkurt ójafnvægi í efnahagslífinu undanfarin misseri, hefði náðst mjúk lending og nú væru horfurnar mun bjartari, m.a. vegna stóriðjuframkvæmda. Þó væri vandasamt að stýra efnahagslífinu þannig að hagkerfið ofhitnaði ekki á komandi árum. Ráðherrann boðaði aukið aðhald í komandi fjárlögum til að koma í veg fyrir að Seðlabankinn héldi vöxtum og gengi of háum en slíkt væri

samkeppnisgreininum þungbært.

Sören Gyll, formaður Samtaka atvinnulífsins í Svíþjóð, fjallaði um Lissabonferlið. Hann sagði að það væri mikilvægt að Lissabonferlið héldi áfram og næði því markmiði sínu að gera hagkerfi Evrópu þau samkeppnisfærustu í heimi. Það væri þó erfið og nefndi ýmislegt í Svíþjóð sem betur mætti fara. Þótt Svíar hafi öflugan þekkingariðnað og getu til að innleiða nýjustu tækni og þekkingu skorti á nýsköpun og skattbyrðin væri of há. Það sem hamlaði hagvexti væri skortur á sveigjanleika á vinnumarkaði og að skattar á fyrirtæki væru of háir.

Johan Schroder, formaður Samtaka



atvinnulífsins í Danmörku, fjallaði um samskipti Evrópuríkja og Ameríku og taldi brýnt að stuðla að bættum samskiptum í kjölfar Íraksstríðsins. Hann nefndi góðan árangur danskra fyrirtækja sem hafa leitað á bandarískan markað undanfarin ár. Fjárfesting í þekkingu á markaði og uppsetning dreifingarkerfa hefði margborgað sig.

Berjabökur og kökur



Landssamband bakameistara stóð fyrir kynningarátaki fyrri hluta september í tilefni uppskerutímans. Þá lögðu bakarar áherslu á fjölbreytt úrval af kökum og bökum með berjum og ávöxtum undir fyrirsögninni Berjabökur og kökur.

Berjabökur og kökur eru kærkomin og litrík viðbót við vöruúrval bakarianna og féll greinilega í góðan jarðveg hjá viðskiptavinum.

Myndirnar segja meira en mörg orð.



Ársfundur bakara á Norðurlöndum

Neytendur krefjast æ meiri fjölbreytni

Árlegur fundur bakarasmata á Norðurlöndum var haldinn í Are í Svíþjóð um miðjan september. Þar hittust formenn og framkvæmdastjórnar bakarasmata frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi og báru saman bækur sínar um þróun og starfsumhverfi í greininni.

Are er frægur skíðastaður, norðarlega í Svíþjóð og byggir afkomu sína nær eingöngu á þjónustu við skíðamenn. Fastir íbúar bæjarins eru ekki nema um 900 en mannfjöldi fer upp í 25.000 á annatíma. Í þessu litla bæjarfélagi starfar mjög metnaðarfullur ungur bakari sem lagar framleiðslu sína að þessum vægast sagt sveiflukenndu aðstæðum. Yfir skíðatímabilið ræður hann viðbótarmannskap, undantekningarlítið ungt fólk, sem sækist eftir að komast á staðinn til að geta stundað skíði í frístundum sínum og margir koma ár eftir ár.



Alls staðar á Norðurlöndum standa menn frammi fyrir mikilli samkeppni og auknum opinberum kröfum til framleiðslunnar og þar gilda svipaðar reglur varðandi fullyrðingar um hollustu brauða. Þó virðist sem nokkuð misjafnt sé hvernig yfirvöld í hverju landi túlka reglur varðandi fullyrðingar um hollustu. Finnar eru t.d. í mikilli kynningarherferð, í nánú samstarfi við heilbrigðisyfirvöld, þar sem lögð er áhersla á

mikilvægi trefja í fæði og brauðneyslu í því samhengi. Þetta gætu íslenskir bakarar tekið sér til fyrirmyndar.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum með samþjöppun í matvöruverslun. Samfara henni hefur sala aukist mikið á svokölluðum „bake-off“ vörum, þ.e. vörum sem bakaðar eru á staðnum inni í bakaríum. Í erindi, sem fulltrúi frá Co-op verslanasamstæðunni hélt á fundinum, kom fram að líta mætti á aukna sölu „bake-off“ vöru sem hreina viðbót því að ekki hefði dregið úr sölu á öðrum vörum að sama skapi. Þá taldi hann stórverslunum mikilvægt að bjóða vörur frá fleiri en einum framleiðanda þar eð neytendur krefðust fjölbreytni. Í minni bakaríum er þróunin sífellt í átt til meiri vinnslu, stykkjavöru og tilbúinna rétta eða eins og einn bakarinn orðaði það: „Fólk ræður ekki lengur við að skera brauðið og smyrja ofan í sig.“

Ragnheiður Héðinsdóttir

Starfsmenntaverðlaunin 2003

Hvatning til framþróunar á sviði starfsmenntunar

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Starfsmenntaverðlaunin 2003 hinn 12. sept. sl. á síðasta degi Viku símenntunar. Eimskip hlaut verðlaunin í flokki fyrirtækja, Eftirmenntun vélstjóra í flokki fræðsluáðila og í opnum flokki var Verkmennaskólinn á Akureyri verðlaunaður fyrir öfluga uppbyggingu fjarnáms.

Öflug fræðslustefna Eimskips

Eimskip hefur undanfarin ár lagt mikinn metnað í fræðslustarf félagsins. Áhersla er lögð á að bjóða starfsmönnum sérsniðin námskeið og þeim gert kleift að auka þekkingu sína, bæði hvað varðar starfsmiðaða og einstaklingsmiðaða þjálfun. Starfsmenn eru styrktir til náms og eftirlit er haft með gæðum og markmiðsetningu í símenntun þeirra.

Eftirmenntun vélstjóra í meira en 40 ár

Eftirmenntunarnámskeið hafa verið í



boði fyrir vélstjóra síða árið 1959. Námskeiðahald var í höndum Vélskóla Íslands og Vélstjórafélagsins þar til Eftirmenntun vélstjóra tók formlega við starfinu árið 1999 af Landsvirkjun, RARIK, Samorku, Sambandi íslenskra kaupskipaútgæra, Vélskólanum og Vélstjórafélaginu.

Fjarkennsla jafnar tækifæri til náms

Verkmennaskólinn á Akureyri hefur frá upphafi verið frumkvöðull í fjarkennslu og hefur með því stuðlað að því að auka möguleika fólks í dreifbýli til starfsmenntunar. Fjarkennsla hefur lengi verið í boði við skólann og námsframboð hefur aukist mikið með árunum. Skólinn setti m.a. á fót

tilraunaverkefni í fjarkennslu með heimild menntamálaráðuneytisins árið 1994. Sú kennsla var mjög smá í smíðum til að byrjað með en óx hratt og nú er í boði fjölbreytt úrval bóklegra og verklegra áfanga í fjarkennslu.

Viðurkenning og hvatning í starfsmenntun

Starfsmenntaverðlaun Menntar og Starfsmenntaráðs eru veitt þeim sem þykja vinna framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi. Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum; í flokki fyrirtækja og félagasamtaka, flokki skóla og fræðsluáðila og opnum flokki sem tekur t.d. til einstaklinga eða frumkvöðlaverkefna. Tilgangur verðlaunanna er að styðja við nýsköpun og framþróun starfsmenntunar hér á landi ástamt því að vekja athygli á málefnum. Verðlaunin eiga að vera verðlaunahöfunum hvatning til áframhaldandi starfa og öðrum til fyrirmyndar á þessu sviði.

Haraldur Dean Nelson

Smáfyrirtæki læra af þeim bestu

Nordvu er verkefni um bætta stjórnun og rekstur hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Norðurlöndum. Samtök iðnaðarins eiga aðild að Nordvu ásamt norrænum systursamtökum. Um 30 fyrirtæki taka þátt í verkefninu, þar af fjögur frá Íslandi. Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir verkefnið.



Kaffitár, Ömmubakstur, Skaginn og Umslag.

Fámenn afburðafyrirtæki

Markmið Nordvu-verkefnisins er að rannsaka og draga lærdóm af því hvernig litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Norðurlöndum er stjórnað. Unnið er með fyrirtækjum sem skara fram úr á tilteknum sviðum, hafa sýnt frumkvæði og stundað nýsköpun. Leitast er við að draga fram í dagsljósið dulinn styrk þessara afburðafyrirtækja sem nýst getur öðrum fyrirtækjum. Leitað er afburðaframmistöðu (best-practice) sem getur verið á ýmsum sviðum: frumkvöðlastarf, góð fjárhagsleg afkoma, gæðaframleiðsla, góð markaðsfærsla eða markviss þekkingar- og mannauðsstjórnun.

Þátttökufyrirtækin koma úr ólíkum framleiðslu- og þjónustugreinum en flest þeirra hafa færri en 50 starfsmenn. Íslensku fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu eru:

Norræna aðferðin

Í rekstri nútímafyrirtækja reynir á fjölmarga þætti sem eru stöðugum breytingum undirorpnrir. Stórfyrirtækin hafa sínar aðferðir til þess að bregðast við og laga starfsemi sína að síbreytilegum aðstæðum. Smáfyrirtæki eiga erfiðara um vik þar eð þau hafa ekki burði til að byggja upp nauðsynlega sérhæfingu til þess að mæta nýjum ógnum og tækifærum. Með Nordvu-verkefninu er norrænum smáfyrirtækjum gefinn kostur á að uppgötva styrk sinn á skipulegan hátt.

Stjórnendur þátttökufyrirtækjanna hafa borið saman bækur sínar á vinnufundum. Unnið er í hópum um tiltekin meginefni. Niðurstaða hópanna hefur leitt til sameiginlegrar þekkingar á afburðaframmistöðu á ólíkum sviðum smáfyrirtækja. Á

grundvelli þeirra niðurstaðna eru fundnar aðferðir (verkfæri) sem norræn smáfyrirtæki geta nýtt sér til að bæta stjórnun og rekstur. Með þessum hætti verður til eins konar verkfærasafn í stjórnun og rekstri sem er einkum sniðið að þörfum smáfyrirtækja.

Nordvu á netinu

Nordvu-verkefnið hefur staðið í tvö ár. Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir verkefnið til helminga á móti Samtökum iðnaðarins, Håndverksbedrifternes Landsforening í Noregi, Företagarnas Riksorganisation í Svíþjóð og Håndværksrådet í Danmörku. Framkvæmd verkefnisins er í höndum Håndværksrådet.

Nánari upplýsingar um verkefnið eru á www.nordvu.org. Áhugasamir geta einnig haft samband við undirritaðan. Á vefsíðu verkefnisins er myndarlegt safn af aðferðum (verkfærum) sem unnar hafa verið. Sjá [www.nordvu.org/ værk-tøj / værk-tøjsoversigt](http://www.nordvu.org/). Sumir kaflanna birtast í íslenskri þýðingu á næstunni.

Ingi Bogi Bogason

Þykkvabæjar fá viðurkenningu fyrir snyrtilega lóð

Kartöfluverksmiðjan Þykkvabæjar, Austurhrauni 5 í Garðabæ, hlaut nýlega viðurkenningu bæjarstjórnar Garðabæjar fyrir snyrtilega lóð. Það þykir jafnan fara vel á því þegar fyrirtæki ganga fljótt og smekklega frá nýjum lóðum sínum en ekki síst þegar matvælafyrirtæki eiga í hlut.

Á ári hverju veitir bæjarstjórn Garðabæjar fyrirtækjum og einstaklingum viðurkenningu fyrir snyrtilegt umhverfi, að fenginni tillögu umhverfisnefndar.

Samtök iðnaðarins óska Kartöfluverksmiðjunni Þykkvabæjar til hamingju með viðurkenninguna.



Morgunverðarfundur um „Vsk-málið“



Nýlega var haldinn morgunverðarfundur um svokallað „Vsk-mál“ en tilefnið var að nú í vor kynnti ríkisskattstjóri ákvarðandi bréf um breytingar á reglugerðum um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldara fyrirtækja og stofnana og um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

Einnig fylgdi með greinargerðin „Sérfræðiþjónusta og samkeppni“ um afmörkun á sérfræðiþjónustu og skilgreiningu á samkeppni í tengslum við framangreindar reglugerðir. Sigurjón

Högnason, forstöðumaður gjaldaskrifstofu hjá ríkisskattstjóra, hafði framsögu um þær breytingar og skilgreiningar sem felast í reglugerðunum og Ingvar Kristinsson formaður SÍH, Samtaka Íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, kynnti afstöðu SÍH til þessara breytinga og skilgreininga sem samtökin telja að hafi bæði kosti og galla og var þeim viðhorfum komið vel á framfæri á fundinum.

Á fundinum kom skýrt í ljós hvaða skoðun fundarmenn höfðu á reglugerðunum og henni verður komið formlega á framfæri við ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytið.

Guðmundur Ásmundsson

Gullsmíðameistarinn vann



Gríman, Íslensku leiklistarverðlaunin, var afhent í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðleikhúsinu 16. júní sl. Alls voru afhentar 15 Grímur, þar af 14 á sviði leiklistar og ein fyrir ævistarf í þágu leiklistar.

Haldin var opin hugmyndasamkeppni um Grímuna og bárust dómnefndinni alls um 25 tillögur. Verk Sigurðar Gunnars Steinþórssonar, gullsmíðameistara, bar sigur úr býtum.

„Gríman sameinar tvennt,“ segir Sigurður. „Gosstrókurinn er tákn fyrir kraftinn sem býr í

íslensku leiklist og í honum birtist líka gríman sem er tákn leiklistarinnar og stendur bæði fyrir sorg og gleði.“ Sigurður segir að skýjamyndanir á Íslenskum himni hafi ekki síst orðið kveikjan að hugmynd sinni.

Sigurður segir að flestir gullsmíðir smíði gripi sem þeir sjálfir hafi hannað. Þeir séu m.a. vel að sér í formfræði eins og sannast hafi í þessu tilviki og margir gullsmíðir hafi stundað nám í myndlist. Sjálfur segist Sigurður hafa ómælda ánægju af starfi sínu og fá þar mikla útrás fyrir sköpunargleðina.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Sigurður með verðlaunagripinn

Funi sameinast Blikkási



Nýlega keypti Blikkás ehf. öll hlutabréf í Funa ehf. og rekstur fyrirtækjanna þar með samhæfur og sameinaður undir einni stjórn.

Funi hefur annast smíði og uppsetningu loftræstikerfa ásamt annarri blikksmíði svo og sölu og uppsetningu viðarofna og eldstæða. Á sama hátt hefur Blikkás verið öflugt á sviði loftræstingar og í annarri blikksmíðavinnu en auk þess hefur fyrirtækið flutt inn og selt ýmsa íhluti til blikksmíða. Með sameiningunni verður öll iðnaðarstarfsemi færð undir Blikkás að Skemmuvegi í Kópavogi en innflutningur og sala verða á könnu Funa á Dalvegi. Þannig er stefnt að því að ná fram mikilli hagræðingu og að fyrirtækið skipi sér í flokk þeirra stærstu á sínu sviði.

Blikksmíðjan Funi ehf. var stofnuð árið 1981 og Blikkás 1984. Myndin sýnir þá Kolvið Helgason í Funa (t.v.) og Sigtrygg Páll Sigtryggsson í Blikkás staðfesta sösluna með handabandi.

Ingólfur Sverrisson



Hertar reglur um innflutning matvæla til Bandaríkjanna

Eftir atburðina 11. september 2001 setti Bandaríkjaþing lög sem ætlað er að styrkja varnir Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum af líffræðilegum toga. Lögin fela í sér ýmis ný verkfæri sem gera matvæla- og lyfjaeftirlitsstofnuninni FDA kleift að bregðast skjótt við ógnun eða hugsanlegum hryðjuverkaárásum á matvælaforða landsins eða öðru neyðarástandi tengdu matvælum. Þetta á að gera með því að aflamun betri upplýsinga, bæði um innlend og innflutt matvæli, en stofnunin hefur nú aðgang að.

Settar verða nákvæmar reglugerðir sem lúta að þessu og er gert ráð fyrir að þær verði gefnar út um miðjan október. Hvort sem endanlegar reglugerðir verða komnar út eða ekki verða matvælaframleiðendur

og innflytjendur að sinna eftirtöldum skráningum og tilkynningum til FDA frá og með 12. desember næstkomandi.

Ein reglugerðin gerir kröfu um að skráð verði innlend og erlend fyrirtæki sem framleiða, vinna, pakka eða geyma matvæli og fóður til neyslu í Bandaríkjunum. Skráning matvælaframtækja verður að fara fram í síðasta lagi 12. desember 2003 en ekki verður tekið við skráningum fyrr en endanlegar reglugerðir hafa verið gefnar út. Þá verður mögulegt að skrá umbeðnar upplýsingar á Netinu og fá skráningu staðfesta samstundis. Vörum frá erlendum aðilum, sem ekki hafa skráð sig, verður haldið á landamærastöðvum þar til fyrirtækið hefur verið löglega skráð.

Önnur gerir þá kröfu að FDA verði gert viðvart (8 tímum til 5 dögum) áður en matvæli eru flutt eða boðin til innflutnings

til Bandaríkjanna. Í tilkynningunni þarf að koma fram lýsing á vörunni, framleiðandi, flutningafyrirtæki, upprunaland, land sem varan kemur frá og innflutningshöfn.

Þriðja reglugerðin gerir grein fyrir þeim upplýsingum sem fyrirtæki þurfa að halda skrár yfir og tilgreina hvaðan hráefni koma og hver er næsti viðtakandi vöru frá viðkomandi fyrirtæki.

Í fjórða lagi verður sett reglugerð sem gerir grein fyrir heimildum FDA til að leggja hald á sendingar sem taldar eru ógna heilsu manna og dýra.

Þessar reglur gilda um öll matvæli sem falla undir umsjón FDA, þ.e.a.s. öll matvæli fyrir utan kjöt af dýrum og fuglum og unnar vörur úr eggjum en landbúnaðaráðuneytið hefur yfirumsjón með þeim vörum. Því munu t.d. reglur um innflutning á kjöti til Bandaríkjanna ekki breytast. Ofangreindar upplýsingar koma fram í fréttatilkynningu sem Samtökum iðnaðarins barst nýlega frá bandaríska sendiráðinu.

Ragnheiður Héðinsdóttir


Samstarfsverkefni um nýjungar á sviði dvergrásatækni

Samtök iðnaðarins taka nú þátt í verkefninu „System-On-Chip“ sem miðar að því að upplýsa fyrirtæki um framfarir á sviði dvergrásatækni (micro-electronic) í tengslum við framleiðslu ýmissa tækja og íhluta.

Norræni iðnaðarsjóðurinn styrkir verkefnið og þátttakendur eru samtök upplýsingatækni- og rafeindafyrirtækja á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Þátttakendur koma einnig frá norrænu rannsóknastofnunum; KTH í Svíþjóð, TUT í Finnlandi, DELTA í Danmörku, SINTEF í Noregi auk háskóla í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Hlutverk þeirra er að miðla þekkingu og nýjungum á sviði dvergrásatækni og notkun kísilflagna (Chips) í framleiðsluvörum fyrirtækja sem starfa á þessu sviði. Haldnar verða vakningarráðstefnur í öllum þátttökulöndum og þróuð verða veflæg námskeið sem verða aðgengileg fyrirtækjum sem hafa áhuga á að auka þekkingu sína á þessari tækni.

Forsaga

Forsaga verkefnisins er sú að fyrir ári héldu áðurgreind samtök ráðstefnu, í sam-



vinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn þar sem ræddar voru hugmyndir um hvernig hægt væri að auka þekkingu á sviði dvergrásatækni hjá fyrirtækjum sem starfa á því sviði, m.a. með því að miðla þekkingu og auka þjálfun tæknimanna þeirra. Í kjölfarið var gerð könnun meðal aðildarfyrirtækja samtakanna sem leiddi í ljós að meginfyrirstaðan við að innleiða nýja tækni í framleiðsluvörum þeirra var skortur á tæknilegum upplýsingum og hentugum námskeiðum á þessu sviði.

Verkefnið

Til að bregðast við þeirri þörf ákváðu fyrrnefnd samtök, undir forystu ITEK í Danmörku, að skilgreina samstarfsverkefni þar sem markmiðið er að vekja athygli á

og auka þekkingu á nýjungum við framleiðslu á ýmsum vörum þar sem kísilflögur koma við sögu. M.a. verða þróuð þrjú veflæg námskeið sem sniðin verða að þörfum fyrirtækja þar sem áhersla verður lögð á kerfismótun, hönnun örgjörva og ívaðskerfi. Nú standa yfir vakningarráðstefnur í öllu þátttökulöndum og stefnt er að eins slík fari fram hér á landi 20. október nk. Þar verður verkefnið kynnt ítarlega og haldin verða erindi um mikilvægi þess að viðkomandi framleiðslufyrirtæki tileinki sér nýjungar á þessu sviði. Ráðstefnan verður kynnt nánar þegar nær dregur. Hlutverk Samtaka iðnaðarins í verkefninu er að koma afurðum þess á framfæri við íslensk fyrirtæki og stuðla að vakningu á mikilvægi þekkingaruppbyggingar hjá fyrirtækjum um framfarir á þessu sviði. Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á vefsetri verkefnisins: www.soc-sme.net

Þar má meðal annars finna könnun á því hvað eigi að felast í áðurnefndum námskeiðum. Fyrirtæki, sem starfa á viðkomandi sviði, eru hvött til að taka þátt í könnuninni og hafa þar með áhrif á uppbyggingu námskeiðanna.

Guðmundur Ásmundsson



Matartíminn 2003

Matartíminn 2003, kaupstefna matvælafyrirtækja í Samtökum iðnaðarins, var haldinn í Perlunni 17. þessa mánaðar. Matartíminn er haldinn árlega og til hans boðið fagfólki sem annast innkaup á matvælum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Á Matartímanum 2003 var dreift fyrstu útgáfu af Vörumöppu íslenskra matvælaframleiðenda sem Samtökin gefa út.

Hér fyrir neðan má sjá svipmyndir frá Matartímanum 2003.

